

**1953 nr. 35 18. febrúar****Lög um bæjanöfn o.fl.**

**Tóku gildi 28. febrúar 1953.** *Breytt með* l. 22/1978 (tóku gildi 1. jan. 1979), l. 10/1983 (tóku gildi 25. mars 1983), l. 108/1988 (tóku gildi 1. jan. 1989), l. 19/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 1. og 3. mgr. 29. gr. sem tóku gildi 17. apríl 1991), l. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), l. 40/1998 (tóku gildi 1. ágúst 1998), l. 40/2006 (tóku gildi 1. sept. 2006), l. 83/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema 22. gr. sem tók gildi 20. júní 2008), l. 77/2010 (tóku gildi 1. júlí 2010) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **mennta- og menningarmálaráðherra** eða **mennta- og menningarmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Hvert býli utan kaupstaða, kauptúna eða þorpa skal nafn hafa. Í kaupstöðum og kauptúnum eða þorpum skulu hús auðkennd með götunafni og númeri. Þó er eiganda húss heimilt að auðkenna hús sitt jafnframt með öðru nafni, svo og að gefa húsi sínu nafn, þar sem svo hagar til, að húsið verður eigi auðkennt með götunafni og númeri, sbr. þó 6. gr.

■ **2. gr.** [[Ráðherra]<sup>1)</sup> skipar þriggja manna nefnd er nefnist örnefnanefnd. Skipunartími nefndarinnar er fjögur ár í senn. Skal einn nefndarmanna tilnefndur af [Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum],<sup>2)</sup> annar af [því ráðuneyti er fer með skipulagsmál]<sup>1)</sup> en hinn þriðja, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, skipar ráðherra án tilnefningar. Varanmenn skulu skipaðir með sama hætti. Allir skulu nefndarmenn vera kunnáttumenn á sviði örnefna- og staðfræði. Íslensk málfnefnd skal hafa áheyrnarfulltrúa í nefndinni með tillögurétti og málfrelsi.

□ Örnefnanefnd skal fjalla um nafngiftir býla skv. 5., 7. og 8. gr. laganna. Jafnframt úrskurðar örnefnanefnd um hvaða örnefni verða sett á landabréf sem gefin eru út á vegum Landmælinga Íslands, eða með leyfi þeirrar stofnunar, sé ágreiningur eða álitamál um það efni. Þá sker nefndin úr ágreiningi um ný götunöfn og sambærileg örnefni innan sveitarfélaga. Málsaðild eiga Landmælingar Íslands, aðrir kortargerðarmenn, [Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum],<sup>2)</sup> landeigendur, sveitarstjórnir og hlutaðeigandi ráðuneyti, en um málsaðild fer að öðru leyti að hætti stjórnslulaga. Heimilt er nefndinni að leita álits sérfræðinga áður en ákvarðanir eru teknar. Úrskurðum nefndarinnar er hægt að skjóta til ráðherra samkvæmt ákvæðum stjórnslulaga.

□ Í reglugerð,<sup>3)</sup> sem [ráðherra]<sup>1)</sup> setur, skal kveðið nánar á um starfsemi örnefnanefndar. Skulu þar m.a. vera ákvæði um undirbúningsferli ákvarðana nefndarinnar um nafnsetningar á landabréf, þar á meðal um að örnefni, sem ágreiningur er um, skuli auglýst fyrir almenningi með hæfilegum fyrirvara þannig að hverjum þeim sem telur sig búa yfir vitneskju eða ábendingum, er að haldi komi, gefist færi á að kynna nefndinni álit sitt. Einnig má þar setja ákvæði um sambærilegt undirbúningsferli að annars konar ákvörðunum nefndarinnar.<sup>4)</sup>

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 27. gr. <sup>2)</sup> L. 40/2006, 11. gr. <sup>3)</sup> Rg. 136/1999. <sup>4)</sup> L. 40/1998, 1. gr.

■ **3. gr.** [Nöfnum á býlum utan kaupstaða og kauptúna eða þorpa, sem skráð hafa verið hjá [Þjóðskrá Íslands],<sup>1)</sup> má ekki breyta nema með leyfi örnefnanefndar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 77/2010, 5. gr. <sup>2)</sup> L. 40/1998, 2. gr.

■ **4. gr.** [Tilkynna skal örnefnanefnd um nafn á nýbýli utan kaupstaða, kauptúna og þorpa.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 40/1998, 3. gr.

■ **5. gr.** [Vilji eigandi breyta nafni býlis síns skv. 3. gr. skal hann senda örnefnanefnd beiðni um það. Í beiðninni skal hann skýra frá ástæðum þess að farið er fram á að eldra nafn býlisins verði lagt niður og þeim ástæðum er ráðið hafa vali

umsækjanda á nýju nafni. Breytingar á nafni býlis skal ekki leyfa, nema alveg sérstaklega standi á, svo sem að býlið eigi samnefnt við annað lögbýli í sama héraði eða því um líkt.

□ Í tilkynningu eiganda til örnefnanefndar um nafn á nýbýli skv. 4. gr. skal hann skýra frá þeim ástæðum er ráðið hafa vali á hinu nýja nafni.

□ Sé hið nýja nafn býlis dregið af staðháttum skal þeim lýst í umsókn, sbr. 3. gr., eða tilkynningu, sbr. 4. gr. Þá skal fylgja vottorð sýslumanns um eignarrétt málsaðila á býlinu. Við upptöku nýnefna skal gæta þess að fylgt sé þeim venjum sem ráðið hafa nafngjöfum býla hér á landi. Ekki mega nafngiftir leiða til samnefna á fasteignum í sama héraði né nafna sem eru svo lík öðrum nöfnum á fasteignum í héraðinu að hætt sé þess vegna við nafnabrenglum.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 40/1998, 4. gr.

■ **6. gr.** Nú vill eigandi húss í kaupstað, kauptúni eða þorpi gefa húsi sínu nafn samkvæmt 1. gr. eða breyta nafni á því, og skal hann þá afhenda til þinglýsingar yfirlýsingu sína um nafn hússins. Í yfirlýsingunni skal eignin skilgreind svo nákvæmlega, að eigi geti verið vafi á, við hvaða eign er átt. Yfirlýsingunni skal fylgja skilríki fyrir eignarrétti þess manns, er yfirlýsinguna gefur, að eigninni, svo og meðmæli bæjarstjórnar eða hreppsnefndar með nafninu. [Þinglýsingarstjóra]<sup>1)</sup> skal heimilt að neita um þinglýsingu nafnsins og banna upptöku þess, ef honum virðist nafnið að einhverju leyti óheppilegt eða afkárlegt. Eigi má taka upp nafn, sem önnur fasteign í sama kaupstað, kauptúni, þorpi eða sýslufélagi hefur áður fengið með löglegum hætti.

□ [Ágreiningi um nafngift skv. 1. mgr. verður skotið til úrskurðar örnefnanefndar.]<sup>2)</sup>

<sup>1)</sup> L. 92/1991, 29. gr. <sup>2)</sup> L. 40/1998, 5. gr.

■ **7. gr.** Nú myndast þéttbýli — þorp — í landi einhvern jarðar eða jarða, og er þá rétt, að [sveitarstjórn]<sup>1)</sup> sækji um það til örnefnanefndar að fá lögfest nafn á því, enda geri hún þá jafnframt tillögur um nafnið og lýsi staðháttum, eftir því sem ástæða er til (sbr. 5. gr.).

<sup>1)</sup> L. 108/1988, 55. gr.

■ **8. gr.** [Örnefnanefnd skal svo fljótt sem henni er mögulegt eftir að henni hefur borist beiðni um breytingu á nafni býlis skv. 3. gr., beiðni um nafnfesti á þorpum skv. 7. gr. eða önnur erindi til ákvörðunar leggja rökstuddan úrskurð á málið.

□ Heimili örnefnanefnd breytingu á nafni býlis skv. 3. gr., sbr. 1. mgr. 5. gr., eða nafnfesti á þorpi skv. 7. gr. skal hún senda nafnið hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar. Ella sendir hún málsaðila tilkynningu um að beiðni hans sé hafnað.

□ Telji örnefnanefnd ekkert athugasvert við nafn sem tilkynnt hefur verið til hennar skv. 4. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr., skal hún senda það hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar. Telji hún nafnið ónothæft skal hún tilkynna það málsaðila svo fljótt sem mögulegt er og óska eftir nýrri tillögu um nafn á býli. Hafi málsaðili ekki innan sex mánaða valið nýtt nafn sem nefndin fellst á og tilkynnt það örnefnanefnd úrskurðar nefndin um það hvert nafn býlið skuli fá. Úrskurðinn sendir örnefnanefnd málsaðila og hlutaðeigandi þinglýsingarstjóra til þinglýsingar.

□ Þinglýsingarstjórar skulu ætíð skýra þinglýstum veðhöfum frá nafnbreytingum ef þeir eru kunnir. Eigi má taka við skjölum til þinglestrar viðvíkjandi fasteign sem hefur ekki fengið viðurkennt nafn samkvæmt lögum þessum. Sýslumaður innheimtir lögboðið þinglestrarargjald hjá eiganda býlisins. Birta skal árlega í B-deild Stjórnartíðinda skrá um nöfn

þau sem tekin hafa verið upp á árinu. Svo skal og birta skrá yfir nöfn á eldri býlum sem ekki eru talin í fasteignabók 1942 og ekki hafa þegar verið birt.]<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 40/1998, 6. gr.

■ **9. gr.** Ákvæði 5. og 8. gr. gilda einnig um nöfn á nýbýlum, sem tekin hafa verið upp og ekki eru talin í fasteignabók

1942. . . .<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 40/1998, 7. gr.

■ **10. gr.** Brot gegn lögum þessum varða sektum . . .<sup>1)</sup> er renna í ríkissjóð. . . .<sup>2)</sup>

□ . . .<sup>3)</sup>

<sup>1)</sup> L. 10/1983, 70. gr. <sup>2)</sup> L. 92/1991, 29. gr. <sup>3)</sup> L. 19/1991, 194. gr.

ELDDRI ÚTGÁFA